


Páll V. Bjarnason  
Drífa Kristín Þrastardóttir

# Húsakönnun

Grandavegur – Eiðsgrandi – Hringbraut – Framnesvegur



**Reykjavík 2004**

Minjasafn Reykjavíkur  
Skýrsla nr. 114

# Húsakönnun

Grandavegur – Eiðsgrandi – Hringbraut –  
Framnesvegur

Staðgreinireitur 1.520

Páll V. Bjarnason, arkitekt  
Drífa Kristín Þrastardóttir, sagnfræðingur

**Reykjavík 2004**

Minjasafn Reykjavíkur  
Skýrsla nr. 114

Unnið að beiðni Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur  
vegna deiliskipulagsvinnu.

Ljósmyndir: Drífa Kristín Þrastardóttir, Minjasafni Reykjavíkur.  
Kort: Björn Ingi Edvardsson, Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkur.

© Árbæjarsafn Páll V. Bjarnason arkitekt,  
deildarstjóri húsadeildar Minjasafns Reykjavíkur og  
Drífa Kristín Þrastardóttir sagnfræðingur.

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn  
Skýrsla nr. 120  
Reykjavík 2004.  
Öll réttindi áskilin.

# Efnisyfirlit

## 1. Húsakönnun.

Formáli.....	4
Byggingarsaga.....	5
Varðveislumat.....	14

## 2. Húsaskrá.

Uppdráttur Húsverndarskrár Reykjavíkur.....	15
Framnesvegur 62.....	16
Framnesvegur 64.....	17
Framnesvegur 66.....	18
Framnesvegur 68.....	19
Grandavegur 36.....	20
Grandavegur 38.....	21
Grandavegur 40.....	22
Grandavegur 42.....	23
Hringbraut 119.....	24
Hringbraut 121.....	25
Lágholtsvegur 3.....	26
Lágholtsvegur 4.....	27
Lágholtsvegur 6.....	28
Lágholtsvegur 7.....	29
Lágholtsvegur 8.....	30
Lágholtsvegur 9.....	31
Lágholtsvegur 10.....	32
Lágholtsvegur 11.....	33
Lágholtsvegur 12.....	34
Lágholtsvegur 13.....	35
Lágholtsvegur 14.....	36
Lágholtsvegur 15.....	37
Lágholtsvegur 20.....	38
Heimildaskrá.....	39

## Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar á staðgreinireit **1.520** í Reykjavík, en hann afmarkast af Grandavegi, Eiðsgranda, Hringbraut og Framnesvegi. Húsakönnunin er unnin að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur í samræmi við skipulagslög vegna gerðar deiliskipulags á svæðinu. Þessi reitur eru utan þess svæðis sem varðveisluskrá Reykjavíkur nær til, en það er svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Húsin á reitnum voru byggð á árunum 1883 til 1986. Ekki er um að ræða tæmandi sögulega úttekt á viðkomandi svæði, en þó er skoðað hvaða hús hafa verið byggð á svæðinu í gegnum árin og þau metin sem enn standa. Sú rannsókn er nauðsynleg til að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun svæðisins.

Við mat á varðveislugildi húsa hefur verið beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey in Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti; *byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð.*

**Varðveislugildi húsa** byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (*Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar/ Hringbrautar*). Þar sem húsverndarskráin er ekki að öllu leyti byggð á rannsóknnum heldur á fyrirbyggjandi gögnum og úttekt byggðarinnar á staðnum, getur verið nauðsynlegt að gera breytingar eftir nákvæmari húsakönnun.

ágúst 2004,


Páll V. Bjarnason arkitekt,  
deildarstjóri húsadeildar  
Minjasafns Reykjavíkur - Árbæjarsafns.

## Byggingarsaga

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt á staðgreinireit **1.520** í Reykjavík, sem kallaður er „Lýsisreitur“.

### Staðsetning

Reiturinn afmarkast af Grandavegi í vestri, Eiðsgranda í norðri, Hringbraut í austri og Framnesvegi í suðri. Innan þessa svæðis eru göturnar Framnesvegur, Grandavegur, Hringbraut og Lágholtsvegur.



Kort af svæðinu úr Borgarvefsjóni.<sup>1</sup> Athugið að húsnúmerum hefur verið breytt þannig að Lágholtsvegur 17 er nú númer 40 við Grandaveg og húsið sem hér er merkt númer 40 fellur undir Grandaveg 42. Þá er Lágholtsvegur 20 ekki merktur inná þetta kort.

### Húsagerð og aldur


Í þessari húsakönnun er gerð grein fyrir húsum sem skráð eru undir 23 húsnúmerum. Í einu tilviki eru mörg hús undir einu húsnúmeri, þar sem að telja má a.m.k. níu byggingar á lóð Lýsis hf. við Grandaveg 42. Húsin eru því í raun um 31 talsins, þó að húsnúmerin séu einungis 23. Til einföldunar er þó einungis ein færsla fyrir Grandaveg 42 í eftirfarandi könnun, þar sem elsta byggingin á lóðinni er lögð til grundvallar, en gerð er grein fyrir yngri byggingum í sögutexta.

<sup>1</sup> 17.08.2004, <http://www.borgarvefsja.is/website/bvs/bvs.html>

Af húsunum sem falla undir þennan reit eru tíu úr timburbindingi, en ellefu steinsteypt, 18 ef húsin á lóð Lýsis hf. eru talin hvert um sig. Þar af eru a.m.k. þrjú úr steinsteypu og vikursteini. Einnig er að finna á reitunum eitt steinhlaðið hús og eitt hlaðið einvörðungu úr vikurholsteini.

Að upphaflegri gerð eru tólf húsanna einlyft (17 ef Lýsishúsin eru talin hvert fyrir sig), níu tvílyft (ellefu með Lýsishúsunum) og tvö fjórlyft (þrjú með Lýsishúsunum).

Elsta húsið sem er að finna á reitnum í dag er Grandavegur 38, en það var byggt árið 1883 og er nokkuð eldra en önnur gömul hús á svæðinu. Yngstu húsin á reitnum eru raðhús við Lágholtsveg 4–14, sem voru byggð á árunum 1984–1986. Fjögur húsanna voru byggð rétt eftir aldamótin 1900 og eru fulltrúar elstu kynslóðar timburhúsa á svæðinu. Fjögur voru byggð á 2. og 3. áratug 20. aldar, en ekkert þeirra er upprunalega byggt á svæðinu, heldur voru þau öll flutt þangað á 9. áratugnum. Sex húsanna voru byggð á árunum 1930–1970 (13 ef Lýsishúsin eru talin hvert fyrir sig), þar af eru aðeins tvö íbúðarhús og annað þeirra aðflutt. Átta eru svo byggð á 9. áratug aldarinnar, þar af sex sem eru hluti af áður nefndri raðhúsalengju.




Hluti af korti Landmælingadeildar herforingjaráðsins frá 1902.

Reiturinn sem hér um ræðir er hluti af því svæði sem kallast Bráðræðisholt og er kennt við bæinn Bráðræði, sem stóð u.þ.b. þar sem Grandavegur 37 er nú. Bráðræðisholtið hefur verið í byggð frá því um miðja 18. öld og eru byggingarskeiðin orðin mörg. Á 19. öld risu margir torfbærir á þessu svæði og einnig nokkrir steinbærir á seinni hluta aldarinnar, en það er húsagerð sem var einkennandi í úthverfum Reykjavíkur á síðustu áratugum 19. aldar. Steinbæirnir voru ýmist byggðir með hlöðnum langveggjum og timburstöfnum eða sem lítil steinhús með allar hliðar hlaðnar úr grjóti.<sup>2</sup> Einn steinbær stendur enn á Bráðræðisholti, Steinabær við Grandaveg 40 (áður Lágholtsveg 17), sem byggður var 1896. Steinbærir eru annars orðnir mjög fáir eftir í Reykjavík.

<sup>2</sup> Hanna Rósa Sveinsdóttir o.fl.: *Borgarhluti 2*, bls. 18 – *Skrá yfir friðuðu hús og hús í vörslu safna*, bls. 97.

Fljótlega uppúr aldamótunum 1900 var farið að byggja íbúðarhús úr timbri á þessu svæði. Á flestum þeim lóðum í Bráðræðisholtinu þar sem nú standa timburhús með gömlum nöfnum stóðu áður samnefndir torfbæir eða steinbæir. Timburhúsin voru oftast nær fremur lítil bindingshús, einlyft á lágum kjöllum og með inngönguskúrum.<sup>3</sup> Aðeins hluti timburhúsanna sem byggð voru á Bráðræðisholti á þessum tíma stendur enn og eru fjögur þeirra staðsett innan reitsins sem hér um ræðir. Hið elsta þeirra, Melstaður (Grandavegur 38), var byggt árið 1883 og er nú elsta húsið innan reitsins, en Stóra-Skipholt (Grandavegur 36), Litla-Skipholt (Framnesvegur 68) og Austurholt (Framnesvegur 64), voru öll byggð rétt eftir aldamótin 1900.




Hluti af einu korta Ólafs Þorsteinssonar frá 1915-1920. Hér má sjá elstu húsin sem enn standa á reitnum, þ.e. Steinabæ (40), Melstað (38), Stóra-Skipholt (36), Litla-Skipholt (34) og Austuholt (30). Bærinn Bráðræði er merktur neðst til vinstri á kortinu.

Árið 1980 var staðfest nýtt deiliskipulag fyrir Bráðræðisholt. Samkvæmt því var gert ráð fyrir eldri aðfluttum húsum á þeim lóðum sem ekki var þegar byggt á. Þessi hús skyldu vera með áþekku svipmóti og falla vel að timburhúsabyggðinni sem fyrir væri.<sup>4</sup> Nú eru flutningshúsin um helmingur timburhúsabyggðarinnar í Bráðræðisholtinu. Á reitnum sem hér um ræðir eru þau fjögur talsins, þrjú úr Reykjavík (Framnesvegur 66, Lágholtsvegur 3 og Lágholtsvegur 7) og eitt utan af landi (Lágholtsvegur 11). Áður voru þau fimm, en eitt þeirra var fjarlægð nokkrum árum eftir að það var flutt á reitinn og nýtt timburhús í gömlum stíl byggt í staðinn árið 1985 (Lágholtsvegur 9). Aðfluttu húsin eru flest yngri en timburhúsin sem staðið hafa á svæðinu frá upphafi, eða frá 2. til 4. áratug 20. aldar. Þau eru einnig flest stærri að grunnfleti en þau sem fyrir voru og hafa auk þess sum verið sett á hærri kjallara. Þau sem standa á umræddum reit eru þó öll einlyft, eins og þau sem staðið hafa þar frá byggingu.

<sup>3</sup> Hanna Rósa Sveinsdóttir o.fl.: *Borgarhluti 2*, bls. 18.

<sup>4</sup> *Bráðræðisholt deiliskipulag staðfest 24. september 1980.*

Flest önnur og yngri hús á reitnum eru steinsteypuhús í fúnkis- eða síðfúnkisstíl. Fyrirtæki sem byrjuðu að reisa sér atvinnuhúsnæði á svæðinu um og eftir seinna stríð reistu hús sín flest úr steinsteypu, en einnig var notaður vikursteinn í sum þessara húsa. Vikurfélagið hf. var reyndar eitt af fyrirtækjunum sem byggðu upp starfsemi sína á svæðinu. Árið 1935 hóf það framleiðslu á vikurplötum til einangrunar og vikursteinum til húsbygginga.<sup>5</sup> Forhús félagsins, sem stendur við Hringbraut 121 og er þekkt sem JL-húsið, var reist úr vikursteini, steinsteypu og stáli á árunum 1945–1957. Lítið eitt fyrr, eða 1944, var einnig notaður vikursteinn í eitt af íbúðarhúsunum á svæðinu, en það er húsið númer 15 við Lágholtsveg, sem hlaðið er úr vikurholsteini og er reyndar hannað af sama arkitekt og JL-húsið. Annað fyrirtæki sem reisti fjölmargar byggingar á svæðinu eftir að það hóf þar starfsemi er Lýsi hf. Fyrstu húsin sem Lýsi hf. reisti meðfram Grandavegi á 4. og 5. áratugnum standa enn óbreytt að mestu, en þau voru flest byggð úr steinsteypu og múrhúðuð með skeljasandi. Í stöku byggingu var vikursteinn einnig notaður sem byggingar- eða einangrunarefni. Yngsta hús félagsins er fimm hæða steinsteypt verksmiðju- og skrifstofuhús sem blasir við frá Eiðsgranda, en það var reist á árunum 1963–1964. Enn önnur steinsteypubygging á svæðinu sem reist var undir atvinnustarfsemi, er fjórlyft hús vélsmiðjunnar Jötuns hf. við Hringbraut 119. Það var byggt á árunum 1942–1964, en var breytt í verslunar- og íbúðarhúsnæði árið 1984.



Hluti af húsum Vikurfélagsins hf. við Hringbraut 121.<sup>6</sup>

Fyrir utan eitt nýlegt timburhús eru yngstu byggingarnar á reitnum steinsteypuhús frá 9. áratug 20. aldar. Húsin við Lágholtsveg 4–14 eru, eins og áður sagði, raðhús sem byrjað var að byggja um leið og Hringbraut 119 var gerð að íbúðarbyggingu. Húsið við Framnesveg 62 er fjölbýlishús sem byggt var árið 1985 og stendur áfast við Hringbraut 119. Þessi hús eru byggð í síðfúnkisstíl og þess hefur verið gætt að þau féllu vel að þeim byggingum sem fyrir voru á svæðinu.

### Breytingar

Íbúðarhúsin á svæðinu eru að mestu óbreytt frá upprunalegri gerð. Í árunna rás hefur verið byggt við sum timburhúsanna eða bætt við sólstofum eða garðhúsum, en oftast hefur viðbótin verið í samræmi við gerð hússins. Atvinnuhúsnæði á svæðinu hefur


<sup>5</sup> *Skrá yfir friðuðu hús og hús í vörslu safna*, bls. 116 – Jón Loftsson: „Vikuriðnaður“, bls. 45-49.

<sup>6</sup> Ljósmynd í eigu Árbæjarsafns (nr. 10.136).


gjarnan verið hækkað og gerðar á því breytingar í samræmi við breytt hlutverk, en í flestum tilvikum hefur upprunaleg gerð og útlit húsanna einnig haldið sér að mestu.

## Höfundar

Ekki er vitað um höfunda fjögurra elstu timburhúsanna á reitnum eða steinbæjarins sem nú stendur við Grandaveg 40. Ekki liggja heldur fyrir upplýsingar um höfunda flutningshúsanna fjögurra, nema þess sem nú stendur við Lágholtsveg 3 og var teiknað af Þorláki Ófeigssyni, trésmiði. Hins vegar er vitað um höfunda tveggja yngstu timburhúsanna á reitnum, þ.e. Guðmund H. Þorláksson, byggingarmeistara, sem teiknaði Lágholtsveg 13, og Ingimar Hauk Ingimarsson, arkitekt, sem hannaði Lágholtsveg 9. Sigmundur Halldórsson, arkitekt, teiknaði eina íbúðarhúsið á reitnum sem hlaðið er úr holsteini, Lágholtsveg 15, og hann hannaði einnig JL-húsið við Hringbraut 121. Einnig er vitað um höfunda annars atvinnuhúsnaðis á reitnum. Gísli Halldórsson, verkfræðingur, teiknaði upphaflega hús Jötuns hf. við Hringbraut 119. Pétur Ingimundarson, slökkviliðsstjóri og frístundaarkitekt, teiknaði elsta hús Lýsis hf., en tvö hús sem standa sambyggð meðfram Grandavegi og geymsluhús að baki þeim, voru teiknuð af Guðmundi H. Þorlákssyni, byggingarmeistara, þeim hinum sama og teiknaði Lágholtsveg 13. Samtals teiknaði Guðmundur því fjögur hús á reitnum. Gunnar Hansson, arkitekt teiknaði yngsta hús Lýsis hf., sem stendur næst Eiðsgranda. Magnús Ingi Ingvarsson teiknaði skemmu eina sem nú er númer 20 við Lágholtsveg. Yngstu íbúðarbyggingarnar á reitnum voru teiknaðar af Rúnari Gunnarssyni, arkitekt, sem teiknaði raðhúsin við Lágholtsveg 4–14, ásamt bílageymslu sem þau standa á, og Pálmari Ólasyni og Einari Ingimarssyni, sem hönnuðu fjölbýlishúsið við Framnesveg 62.



Hluti af korti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1948. Teiknað eftir eldri uppráttum.



Hluti af korti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1979. Yfirlitsuppráttur af lóðunum á svæðinu, gerður eftir eldri uppráttum.

## Saga reitsins

Á reitnum sem hér er til umfjöllunar er í dag bæði íbúðabyggð og verslunar- og iðnaðarhúsnæði, en eins og áður sagði hefur Bráðræðisholtið verið byggt frá því um miðja 18. öld. Bærinn Bráðræði, sem var upphaflega hjáleiga frá kirkjujörðinni Seli, var talinn til býla í nágrenni Reykjavíkur þegar bærinn fékk kaupstaðaréttindi undir lok 18. aldar.<sup>7</sup> Öll kot sem reist voru í landi Sels heyrðu undir Seltjarnarneshrepp fram til 1835, en þá var Sel, ásamt tilheyrandi kotum, fært undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.<sup>8</sup> Um miðja 19. öld fóru að byggjast upp tómthúsbylí í kringum Bráðræðisbæinn, enda margar varir í nágrenninu sem útræði var stundað frá. Útvegsbændur á Bráðræðisholti réru fyrst og fremst frá Grandabótinni, sem var stórt og mikið uppsátur í krikanum milli Bráðræðisholts og Eidsgranda, en Stóra-Selsvör, sem var á þeim slóðum þar sem Eidsgrandi og Hringbraut mætast nú, var einnig lendingarstaður og uppsátur útvegsbænda á norðanverðu Bráðræðisholti.<sup>9</sup> Árið 1860 voru tómthúsbylín fjögur – Lágholt, Háholt, Steinar og Pálshús – og falla lóðirnar sem þau stóðu á allar undir reitinn sem hér um ræðir.<sup>10</sup> Ekkert þessara húsa stendur nú, nema steinbærinn sem áður var getið (Grandavegur 40), en hann var byggður seint á 19. öld í staðinn fyrir gamla torfbæinn á Steinum. Árið 1890 höfðu ellefu tómthúsbaeir bæst við á svæðinu og voru fimm þeirra

<sup>7</sup> Árni Óla: „Reykjavík var torfbæjaborg“, bls. 297 - Hanna Rósa Sveinsdóttir o.fl.: *Borgarhluti 2*, bls. 6.

<sup>8</sup> Árni Óla: „Skilnaður Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps“, bls. 514 og 516 – Páll Lindal: *Bæirnir byggjast*, bls. 168.

<sup>9</sup> Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, bls. 66-67 – Páll Lindal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, R-Ö, bls. 42-43.

<sup>10</sup> Hanna Rósa Sveinsdóttir o.fl.: *Borgarhluti 2*, bls. 6.


staðsettir á reitnum sem hér er til umfjöllunar, þ.e. Austurholt, Steinakot, Skipholt, Melstaður og Sjáraborg.<sup>11</sup> Enn standa fjögur hús sem bera nöfn þessara bæja, þ.e.a.s. Melstaður (Grandavegur 38), Stóra-Skipholt (Grandavegur 36), Litla-Skipholt (Framnesvegur 68) og Austurholt (Framnesvegur 64). Byggðin í Bráðræðisholtinu var lengst af utan bæjarins og laut eigin lögmálum. Ekki er hægt að segja að húsin hafi risið við ákveðnar götur, heldur stóðu þau oftast hvert útaf fyrir sig á nokkuð stórum lóðum, sem notaðar voru til ræktunar.<sup>12</sup>



Húsið Sjáraborg, sem nú hefur verið rífið.<sup>13</sup>



Húsið Setberg, sem nú hefur verið rífið.<sup>14</sup>



Pálshús, sem nú hafa verið rífin.<sup>15</sup>

Þegar kom fram um 1920 fóru fiskvinnslufyrirtæki að byggja upp starfsemi á Bráðræðisholtinu. Athafnasvæðið var þó mestmegnis sunnan megin Grandavegar.<sup>16</sup> Seint á 4. áratugnum byggði Lýsi hf. fyrstu húsin á lóð sinni norðan við Grandaveg, eins og áður er lýst, og á næstu áratugum bætti fyrirtækið jafnt og þétt við lóðina og byggingar sínar á henni. Um 1953 hafði Lýsi hf. eignast bæði Háholtslóð og hluta Lágholtslóðar og keypti einnig á næstu árum sjávarlóðirnar Setberg og Sjáraborg, þar sem áður stóðu íbúðarhús frá lokum 19. aldar, en Eiðsgrandi liggur nú til suðvesturs. Um miðja öldina fóru áherslur í atvinnustarfsemi á holtinu að breytast og iðnfyrirtæki sem tengdust járn- og byggingariðnaði hófu þar stórfellda uppbyggingu.<sup>17</sup> Vélsmiðjan Jötunn hf. reisti, eins og áður sagði, verksmiðjuhús sitt við Hringbraut 119 á árunum 1942–1964 og

<sup>11</sup> Hanna Rósa Sveinsdóttir o.fl.: *Borgarhluti 2*, bls. 6.

<sup>12</sup> Hanna Rósa Sveinsdóttir o.fl.: *Borgarhluti 2*, bls. 6.

<sup>13</sup> Ljósmynd í eigu Árbæjarsafns (nr. 10.134).

<sup>14</sup> Ljósmynd í eigu Árbæjarsafns (nr. 10.137).

<sup>15</sup> Ljósmynd í eigu Árbæjarsafns (nr. 10.139).

<sup>16</sup> Hanna Rósa Sveinsdóttir o.fl.: *Borgarhluti 2*, bls. 15.

<sup>17</sup> Hanna Rósa Sveinsdóttir o.fl.: *Borgarhluti 2*, bls. 17.

Vikurfélagið hf., síðar Jón Loftsson hf., byggði mestan hluta af verksmiðju-, vörugeymslu- og skrifstofuhúsnaði sínu á lóðinni Hringbraut 121 á árunum 1939–1957. Í aðalskipulagi Reykjavíkur 1962–83 var svæðið vestan Hringbrautar, meðfram Eiðsgranda, skilgreint sem iðnaðarsvæði.<sup>18</sup>

Við framkvæmdir á svæðinu þurftu eldri íbúðarhús úr timbri og steini gjarnan að víkja af lóðunum, m.a. steinbær frá lokum 19. aldar, sem byggður var í staðinn fyrir torfbæinn á Pálshúsum, þar sem húsið við Hringbraut 119 stendur nú. Önnur hús sem rifin voru einhvern tímann á þessum árum eru t.d. timburhúsin Sólbakki og Dvergasteinn, sem byggð voru vestan við Pálshús í lok 3. áratugar 20. aldar.

Eftir 1980 fór gömlum timburhúsum aftur að fjölga á svæðinu þegar farið var að flytja þau þangað, eins og áður sagði, annars staðar að úr Reykjavík eða utan af landi, eins og gert var ráð fyrir í nýju deiliskipulagi fyrir Bráðræðisholtið. Á 8. og 9. áratugnum var einnig gömlu iðnaðarhúsnaði á svæðinu breytt í verslunar- og íbúðarhúsnaði (Hringbraut 119 og 121) og byggð ný íbúðarhús úr steinsteypu, eins og áður er lýst.

### **Nafngiftir gatnanna**

Nafngiftir gatnanna sem hér um ræðir eiga einkum rætur að rekja til staðháttá.

### **Framnesvegur**

Framnesvegur liggur í suður frá Vesturgötu og út á Bráðræðisholt. Áður var hann aðalleiðin „fram á Nes“, eins og það var kallað þegar farið var vestur á Seltjarnarnes, en síðan lá leiðin um Eiðsgranda og fram eftir. Vestasti hluti nessins var kallaður Framnes, og eftir því heitir Framnesvegur. Götuheitið er fyrst nefnt í manntali árið 1888.<sup>19</sup> Af þeim 23 húsum sem hér er fjallað um eru fjögur við Framnesveg.

### **Hringbraut**

Snemma kom fram hugmynd hjá yfirvöldum um gerð hringbrautar, sem umlykja skyldi byggð Reykjavíkur. Sjá má elsta hluta þessarar götu, frá Laugavegi nokkuð suður í Norðurmýri, á uppdrætti frá 1920. Samkvæmt fyrsta skipulagi sem unnið var fyrir Reykjavík, og var samþykkt í bæjarstjórn árið 1927, var sýnd lega Hringbrautar, sem nú var orðið sérnafn, allt frá Skúlagötu réttsælis að Grandanum. Var þegar hafist handa við lagningu hennar. Árið 1948 var samþykkt að breyta nafni Hringbrautar þannig að austasti hluti hennar hétu Snorrabraut en vestasti kaflinn Ánanaust. Kaflinn þar á milli bar nafnið Hringbraut og er svo enn í dag.<sup>20</sup> Af húsunum sem hér eru könnuð standa tvö við Hringbraut.

### **Grandavegur**

Grandavegur liggur í norðvestur yfir Bráðræðisholt og er kenndur við Eiðsgranda, sem var upprunalega nafn á landræmu á milli Eiðstjarnar og sjávar, þar sem leiðin fram á Seltjarnarnes lá áður og tók við af Framnesvegi.<sup>21</sup> Hér er fjallað um hús á alls fjórum lóðum við Grandaveg.

<sup>18</sup> *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*, bls. 169.

<sup>19</sup> Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, A-G, bls. 141 – Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“, bls. 272 – Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur I*, bls. 156.

<sup>20</sup> Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, H-P, bls. 58.

<sup>21</sup> Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, A-G, bls. 166 – Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“, bls. 272.

## Lágholtsvegur

Lágholtsvegur liggur í norðvestur út frá Framnesvegi og yfir Bráðræðisholt. Gatan er kennd við tómthúsbylið Lágholt, sem áður stóð á Bráðræðisholti.<sup>22</sup> Af húsunum sem hér eru til umfjöllunar eru þrettán við Lágholtsveg.



Bylið Lágholt, sem Lágholtsvegur er kenndur við, á vatnslitamynd eftir Halldór Pétursson, frá 1952. Fremst á myndinni eru fjós og hlaða, en í baksýn eru lýsisgeymar Lýsis hf.<sup>23</sup>

---

<sup>22</sup> Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, H-P, bls. 139 – Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“, bls. 275.

<sup>23</sup> Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, R-Ö, bls. 43.

## Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi byggðar er beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey in Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins árið 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti; *byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð. Varðveislugildi húsa* byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (*Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar/Hringbrautar*).

Til umfjöllunar er staðgreinireitur **1.520** í Reykjavík. Hann afmarkast af Grandavegi, Eiðsgranda, Hringbraut og Framnesvegi. Innan þessa svæðis eru göturnar Framnesvegur, Grandavegur, Hringbraut og Lágholtsvegur.

### HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR.

Varðveislumat húsa í ofangreindum staðgreinireiti:

**RAUÐUR FLOKKUR:** Hús sem lagt er til að verði friðuð.

**Grandavegur 40** Eini steinbærinn sem eftir stendur á svæðinu.

**DÖKKGULUR FLOKKUR:** Verndun götumynda, húsaða og húsa með umhverfislegt gildi.

**Framnesvegur 64** Timburhús með mikið menningarsögulegt og umhverfislegt gildi.

**Framnesvegur 66** Timburhús með menningarsögulegt og umhverfislegt gildi.

**Framnesvegur 68** Timburhús með mikið menningarsögulegt og umhverfislegt gildi.

**Grandavegur 36** Timburhús með mikið menningarsögulegt og umhverfislegt gildi.

**Grandavegur 38** Timburhús með mikið menningarsögulegt og umhverfislegt gildi.

**Grandavegur 40** Steinbær með mikið byggingarsögulegt, menningarsögulegt og umhverfislegt gildi.

**Lágholtsvegur 3** Timburhús með menningarsögulegt og umhverfislegt gildi.

**Lágholtsvegur 7** Timburhús með menningarsögulegt og umhverfislegt gildi.

**Lágholtsvegur 9** Timburhús með umhverfislegt gildi.

**Lágholtsvegur 11** Timburhús með menningarsögulegt og umhverfislegt gildi.

**Lágholtsvegur 13** Timburhús með menningarsögulegt og umhverfislegt gildi.

**APPELSÍNUGULUR FLOKKUR:** Hús byggð fyrir 1918 og breytingar á þeim því háðar lögum um húsafriðun 104/2001.

**Framnesvegur 64**

**Framnesvegur 68**

**Grandavegur 36**

**Grandavegur 38**

**Grandavegur 40**

**Lágholtsvegur 11**

Um hús í appelsínugulum flokki gildir að þau eru háð lögum um húsafriðun nr. 104/2001, 6. grein, um allar breytingar á núverandi ástandi. Taka ber fram að þó að þau tilheyri ekki neinum skilgreindum verndunarflokki er ekki sjálfgefið að hús í appelsínugulum flokki hafi ekki varðveislugildi og megi því skilyrðislaust missa sín.

# HÚSVERNDARASKRÁ REYKJAVÍKUR



Fyrsti eigandi Þórður Magnússon

Hönnun Pálmar Ólason  
Einar IngimarssonUpphafleg notkun  
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteyp
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænispak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

**Útlit**Fjórlyft  
Ris**Helstu breytingar****Hönnuðir breytinga****Saga**

Húsið er fjögurra hæða steinsteypuhús, með bílageymslu á 1. hæð. Áður stóð á lóðinni einlyft steinsteypuhús eftir Guðmund H. Þorláksson. Það var byggt árið 1924 og stóð enn 1961, en hefur síðan verið rífið.

**Varðveislumat:**

Byggingarstíll: Síðfúnkisstíll.

Menningarsögulegt gildi: Lítið.

Umhverfisgildi: Hluti af húsaröð við Hringbraut.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.

**Fyrsti eigandi** Sigurður Hildibrandsson **Hönnun** Ókunnur  
Björn Guðmundsson

**Upphafleg notkun**  
Íbúðarhús

**Upphafleg gerð**

**Tegund** Timbur, bindingur  
**Klæðning** Bárújárn  
**Þakgerð** Mænisþak  
**Þakklæðning** Bárújárn  
**Undirstöður**

**Útlit**

Einlyft  
Kjallari  
Ris  
Inng.skúr

**Helstu breytingar**

1911 Viðbygging  
1990 Stækkun forstofu

**Hönnuðir breytinga**

Guðrún Jónsdóttir arkitekt

**Saga**

Húsið er einlyft timburhús með risi, kjallara og inngönguskúr við norðvesturhlið, byggt árið 1904 af Birni Guðmundssyni og Sigurði Hildibrandssyni. Húsið fékk nafnið Austurholt, en áður stóð á lóðinni torfbær með sama nafni, byggður fyrir 1879. Hann var rifinn þegar núverandi hús var byggt. Árið 1911 fékk Björn leyfi til að reisa skúr við norðurenda hússins og samkvæmt brunavirðingu frá því ári hafði hann byggt við norðausturgöfl hússins. Viðbyggingin er úr timbri og klædd að utan með bárújárn. Árið 1941 fékk húsið númerið 64 við Framnesveg, en hafði áður haft númerin 30 og 60 við sömu götu. Samkvæmt virðingum stóð húsið óbreytt með þessari einu viðbyggingu til ársins 1990, þegar leyfi fékkst til að stækka forstofu þess úr steinsteypu og timbri. Húsið hefur lengst af verið notað til íbúðar, en á 5. áratugnum var þar einnig verslun. Þá var það í eigu Smjörllíkisgerðarinnar Ásgarðs. Árið 1954 var húsið komið í eigu Sambands íslenskra samvinnufélaga, en er nú í einkaeigu. Húsinu er vel við haldið og tekist hefur að varðveita það svo að segja í upphaflegri mynd.

**Varðveislumat:**

**Byggingarstíll:** Einfalt bárújárnshús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist sögu upphafs byggðar á svæðinu og atvinnusögu Reykjavíkur.

**Umhverfisgildi:** Hefur gildi fyrir götumyndina.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt frá upphaflegri gerð.

**Varðveislugildi:** Varðveislugildi hússins er mikið vegna menningarsögu og mikilvægis í götumynd. Vegna aldurs eru allar breytingar á húsinu háðar lögum um húsafriðun 104/2001. Lagt er til að húsið verði í dókkulnum flokki, verndun götumennda, samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur.

**Fyrsti eigandi** Fulltrúaráð  
verkalýðsfélaganna

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**  
Sumarskáli



### Upphafleg gerð

**Tegund**  
**Klæðning**  
**Þakgerð**  
**Þakklæðning**  
**Undirstöður**

Timbur, bindingur

### Útlit

Einlyft

### Helstu breytingar

1982 Flutningur  
Endurbygging

### Hönnuðir breytinga

Sigurður Harðarson arkitekt  
og Magnús Skúlason arkitekt

## Saga

Húsið er einlyft timburhús með risi. Það var flutt á lóðina við Framnesveg 66 árið 1982, en stóð upphaflega við Rauðhóla, austan við Reykjavík. Þar reisti fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík og Alþýðuflokkurinn skála fyrir sumarsamkomur, á spildu sem fulltrúaráðið tók á leigu árið 1933. Síðar var leigulandið ásamt skálanum afhent undir starfsemi sumardvalarheimilis Vorboðans fyrir börn frá fátækum heimilum, sem stofnað var 1935 og rekið um nokkurt skeið af kvenfélögum í Reykjavík með styrk frá bænum. Snemma á 9. áratugnum var ákveðið að rífa barnaheimili Vorboðans og fékkst þá leyfi til að flytja hluta þess, einlyftan skála með leikfimisal, á nýja lóð við Framnesveg og endurbyggja þar sem íbúðarhús. Við endurbygginguna var skálinn stytur um nokkra metra, gerðir á hann gluggar og byggt ris með kvistum ofan á hann, en gólf og veggir héldu sér. Við endurbygginguna var notað efni úr þeim hluta barnaheimilisins sem var rifinn. Í nóvember 1982 var húsið fullklárað í núverandi mynd og var flutt inn í það sama mánuð.

### Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt bárujárnshús

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist sögu félagsmála í Reykjavík.

**Umhverfisgildi:** Hefur gildi fyrir götmyndina.

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur verið flutt af sinni upprunalegu lóð og er mikið breytt frá upprunalegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Varðveislugildi hússins er mikið vegna menningarsögu og mikilvægis í götmynd. Lagt er til að húsið verði í dókkulnum flokki, verndun götmynda, samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur.**

Fyrsti eigandi Jón Jónsson

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun  
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

<b>Tegund</b>	Timbur, bindingur
<b>Klæðning</b>	Bárujárn
<b>Þakgerð</b>	Mænispak
<b>Þakklæðning</b>	Bárujárn
<b>Undirstöður</b>	

**Útlit**

Einlyft
Kjallari
Ris
Inng.skúr

**Helstu breytingar**

1982 Viðbygging

**Hönnuðir breytinga**

Hjörleifur Stefánsson arkitekt

**Saga**

Húsið er einlyft timburhús með risi og kjallara, byggt á Skipholtslóð árið 1903 af Jóni Jónssyni. Húsið fékk nafnið Litla-Skipholt. Upprunalega var inngönguskúr á vesturgafli, en árið 1982 var húsið stækkað um helming og viðbygging byggð þvert á vesturgaflinn, þar sem inngönguskúrinn stóð áður. Fram að því hafði húsið staðið óbreytt, utan endurbóta innanhúss, en 1950 var m.a. búið að innrétta íbúðarherbergi í kjallaranum. Fyrir stækkunina 1982 má segja að húsið hafi verið mjög dæmigert fyrir þá húsagerð sem tíðkaðist á fyrstu árum 20. aldarinnar í úthverfum bæjarins. Viðbyggingin tekur hins vegar vel mið af lagi gamla hússins, þó að gluggar hennar séu eilítið öðruvísi.

**Varðveislumat:****Byggingarstíll:** Einfalt bárujárnshús.**Menningarsögulegt gildi:** Tengist sögu upphafs byggðar á svæðinu.**Umhverfisgildi:** Hefur mikið gildi fyrir götmyndina.**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt frá upprunalegri gerð.**Varðveislugildi:** Varðveislugildi hússins er mikið vegna menningarsögu og mikilvægis í götmynd. Vegna aldurs eru allar breytingar á húsinu háðar lögum um húsafriðun 104/2001. Lagt er til að húsið verði í dókkgulum flokki, verndun götmynda, samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur.

**Fyrsti eigandi** Árni Thorlacius  
búfræðingur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**  
Íbúðarhús og pakkhús



### Upphafleg gerð

<b>Tegund</b>	Timbur, bindingur
<b>Klæðning</b>	Bárujárn
<b>Þakgerð</b>	Mænisþak
<b>Þakklæðning</b>	Bárujárn
<b>Undirstöður</b>	

### Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Inng.skúr

### Helstu breytingar

1906	Skúr á lóð
1978	Viðbygging með bílskúr og svölum Kvistur
	Inngönguskúr

### Hönnuðir breytinga

Arinbjörn Þorkelsson og  
Alex. H. Jóhannesson

## Saga

Húsið er einlyft timburhús með kjallara, risi og inngönguskúr, byggt árið 1905 af Árna Thorlacius, búfræðingi. Áður stóð á lóðinni torfbærinn Skipholt, sem reistur var fyrir 1880. Árið 1906 hafði Árni einnig byggt geymsluskúr á lóðinni. Húsið stóð óbreytt allt til ársins 1978, þegar það var lengt um rúmlega þriðjung til austurs. Í viðbyggingunni er m.a. bílskúr í kjallara og viðbótarstækkun 1. hæðar, með svölum á austurhlið. Einnig var gerður stór kvistur á suðurhlið og nýr inngönguskúr við vesturgöf, en upphaflega hafði verið inngönguskúr á norðurhlið, sem er þar ekki lengur. Við þessar breytingar hefur húsið nokkuð breytt um svip, en það samsvarar sér þó áfram vel. Í húsinu eru nú skráðar þrjár íbúðir.

### Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Afbrigði af sveitserstíl.

**Meningarsögulegt gildi:** Tengist sögu upphafs byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hefur mikið gildi fyrir götmyndina.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt frá upprunalegri gerð.

**Varðveislugildi:** Varðveislugildi hússins er mikið vegna menningarsögu og mikilvægis í götmynd. Vegna aldurs eru allar breytingar á húsinu háðar lögum um húsafriðun 104/2001. Lagt er til að húsið verði í dökkgulum flokki, verndun götmynda, samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur.

Fyrsti eigandi Kristinn Ólafsson

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun  
Íbúðarhús

## Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

## Útlit

Einlyft
Kjallari
Ris
Inng.skúr

## Helstu breytingar

1907	Viðbygging
1981	Viðbygging
	Ný klæðning
2000	Viðbygging
	Bílskúr

## Hönnuðir breytinga

Magnús Skúlason og Sigurður Harðarson
Jón Ólafur Ólafsson og Sigurður Einarsson

## Saga

Húsið er einlyft timburhús með kjallara, risi og inngönguskúr á vesturgafli. Það var byggt árið 1883 af Kristni Ólafssyni á Steinum, á lóðinni sunnan við þann bæ, og hlaut nafnið Melstaður. Árið 1907 var búið að byggja skúr við austurgafli hússins. Skúrin var notaður sem fiskgeymsla, en var seinna tekinn til íbúðar. Árið 1920 var húsið allt klætt járn. Að öðru leyti stóð það óbreytt til ársins 1981, þegar gerð var viðbygging við bakhlið þess. Þá var það einnig allt klætt með timbri. Árið 2000 var svo aftur sótt um leyfi til að byggja við og breyta húsinu og nú hefur viðbyggingin á bakvið það verið lengd til vesturs og bílskúr verið gerður við vesturhlið hússins, hvortveggja úr timbri. Húsið hefur varðveist vel frá því það var byggt og heldur upphaflegu lagi sínu þrátt fyrir að byggt hafi verið við það. Aldur þess gefur því einnig gildi á þessu svæði, því það er elsta húsið sem enn stendur í Bráðræðisholtinu.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt bárujárnshús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist sögu upphafs byggðar á svæðinu. Elsta húsið sem þar stendur.

**Umhverfisgildi:** Hefur mikið gildi fyrir götmyndina.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt frá upprunalegri gerð.

**Varðveislugildi:** Varðveislugildi hússins er mikið vegna menningarsögu og mikilvægis í götmynd. Vegna aldurs eru allar breytingar á húsinu háðar lögum um húsafriðun 104/2001. Lagt er til að húsið verði í dókkulum flokki, verndun götmynda, samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur.

**Fyrsti eigandi** Ásmundur Magnússon  
tómthúsmáður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**  
Íbúðarhús



### Upphafleg gerð

<b>Tegund</b>	Steinbær
<b>Klæðning</b>	Bárujárn
<b>Þakgerð</b>	Skáþak(skúrþak)
<b>Þakklæðning</b>	Bárujárn
<b>Undirstöður</b>	

### Útlit

Einlyft  
Kjallari

### Helstu breytingar

1913	Inngönguskúr
1924	Ný klæðning
1924	Viðbygging
1991	Endurbætur

### Hönnuðir breytinga

## Saga

Húsið er steinbær, með hliðarveggjum hlöðnum úr grjóti og bárujárnsklæddum göflum úr timbri, byggt árið 1896 á lóð þar sem áður stóð torfbærinn Steinar. Sá bær var fyrst byggður 1857 af Jóni Eyjólfsyni, en virðist hafa verið rifinn 1868 og annar bær byggður. Árið 1896 fékk Ásmundur Magnússon leyfi til að byggja upp bæinn á Steinum og reisti þá þennan steinbæ. Sama ár byggði hann skúr við bæinn. Árið 1908 fékkst leyfi til að stækka skúrinn og virðist það hafa verið gert fyrir 1913, því samkvæmt brunavirðingu frá því ári hafði húseignin verið aukin og endurbætt. Skúrinn er sagður vera við austurhlið hússins, byggður úr timbri, og er þetta líklega sami skúr og nefndur er inngönguskúr í næstu brunavirðingum. Árið 1924 var húsið allt orðið járnklætt. Eftir það virðist það hafa staðið óbreytt til 1991, en það ár var unnið að viðgerðum að því, samkvæmt skýrslu um steinbæi í Reykjavík. Síðan hefur verið byggð sólstofa við húsið á austurhlið. Húsið var áður skráð við Lágholtsveg og stóð þá á sömu lóð og annað hús, sem byggt var 1943. Árið 1983 sóttu eigendur húsanna um að fá sitt númerið hvort á þau og var lóðin þá skráð númer 15-17 við Lágholtsveg, og húsið sem hér um ræðir, kallað Steinabær, fékk númerið 17, en hitt húsið, kallað Steinar, fékk númerið 15. Lóðin var þó áfram óskipt til ársins 1995, þegar samþykkt var að skipta henni í tvennt. Um leið var samþykkt að lóðin Lágholtsvegur 17 yrði skráð númer 40 við Grandaveg. Húsið er eini steinbærinn sem enn stendur á Bráðræðisholti og einn af fáum slíkum sem varðveittir eru í Reykjavík.

### Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Steinbær. Sérreykvísk húsagerð.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist sögu upphafs byggðar á svæðinu. Einn af fáum steinbæjum sem varðveittir eru í Reykjavík.

**Umhverfisgildi:** Hefur mikið gildi fyrir götmyndina.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt frá upprunalegri gerð.

**Varðveislugildi:** Varðveislugildi hússins er mikið vegna húsagerðar, menningarsögu og mikilvægis í götmynd. Vegna aldurs eru allar breytingar á húsinu háðar lögum um húsafríðun nr. 104/2001. Lagt er til að húsið verði fríðað vegna sérstöðu sinnar í byggingarsögu Reykjavíkur.

**Fyrsti eigandi** Tryggvi Ólafsson  
Lýsi hf.

**Hönnun** Pétur Ingimundarson  
slökkviliðsstjóri

**Upphafleg notkun**  
Lýsiskaldhreinsunarstöð



### Upphafleg gerð

<b>Tegund</b>	Steinsteypt
<b>Klæðning</b>	Múrsléttað
<b>Þakgerð</b>	Flatt þak
<b>Þakklæðning</b>	
<b>Undirstöður</b>	

### Útlit

Tvílyft

### Helstu breytingar

1939	Nýbygging
1939	Viðbygging
1942	Nýbygging
1946	Nýbygging
1948	Nýbygging
1951	Nýbygging
1956	Nýbygging
1960	Ofanábyggingar
1962	Nýbygging
1964	Nýbygging
1980	Ofanábygging

### Hönnuðir breytinga

Guðmundur H. Þorláksson	bygg.m
Guðmundur H. Þorláksson	bygg.m
Guðmundur H. Þorláksson	bygg.m
Guðmundur H. Þorláksson	bygg.m
Guðmundur H. Þorláksson	bygg.m
Halldór Pálsson	
Gunnar Hansson	arkitekt
Gunnar Hansson	arkitekt

### Saga

Elsta byggingin af þeim sem Lýsi hf. lét reisa við Grandaveg er lýsiskaldhreinsunarstöð frá 1937. Húsið var upprunalega tvílyft með flötu þaki og þakskýli, en byggt var ofaná það árið 1960. Það stendur nú bakvið íbúðar- og lýsisgeymsluhús, sem byggt var við Grandaveg árið 1939. Það hús er tvílyft með risi, byggt úr steinsteypu og múrhúðað með skeljasandi. Norðurendi þess, sem er áfastur við vesturgöfl lýsishreinsunarhússins, var byggður síðar sama ár. Miðhlutinn, sem hýsti rannsóknarstofur Lýsis, eyðilagðist í bruna árið 2001 og voru veggir efri hæðarinnar rifnir í kjölfarið. Árið 1942 var búið að reisa stóran geymsluskúr með skápaki aftan við íbúðar- og geymsluhúsið, svokallað Svíahús, þar sem geyma varð lýsi sem Svíar keyptu þar til eftir stríðið. Sama ár fékkst leyfi til að hækka skúrinn og stækka til norðausturs og var viðbyggingin skráð sem nýtt geymsluhús árið 1946. Byggt var ofan á það 1960. Árið 1948 var byggt nýtt geymsluhús úr steinsteypu og vikursteini, til norðvesturs í framhaldi af íbúðar- og geymsluhúsinu og skelldúðað að utan eins og það. Árið 1951 var enn bætt við geymsluhúsi, nú á suðaustanverðri lóðinni. Um leið fékkst leyfi fyrir fjórum lýsisgeymum á lóðinni. Árið 1956 var reistur eimaratur og bræðsluhús norðaustast á lóðinni og 1962 var byggt annað bræðsluhús. Á árunum 1963-1964 var svo byggt verksmiðju- og skrifstofuhús Lýsis hf. sem blasir við frá Eiðsgranda. Húsið er steinsteypt, byggt með flötu þaki og átti upphaflega að vera þrílyft, en árið 1964 fékkst leyfi fyrir fjórðu hæðinni. Árið 1980 var svo fimmtu hæðinni bætt ofan á húsið og þakið hækkað.

### Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Fúnkísstíll.

